



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2025



LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2025




LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2025



LISTASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2025

INNGANGUR

FOREWORD



Spennan magnast vegna komandi starfsárs hjá Listasafninu á Akureyri og ég kynni með mikilli gleði fyrstu sýningadagskrá undir minni stjórn. Ég hlakka til að deila með ykkur þeirri kraftmiklu blöndu innlendrar og alþjóðlegrar listar sem mun prýða sali safnsins 2025 og endurspeglar það breiða svið og lífsþrótt sem einkennir listsköpun samtímans.

Við hjá Listasafninu á Akureyri trúum því að listin eigi erindi við okkur öll og markmiðið er að sérhver gestur upplifi sig velkominn. Við munum bjóða upp á fjölbreyttar sýningar, miðlunarleiðir sem henta mismunandi hópum samfélagsins og nýstárlegt samstarf við listamenn, sem mun vonandi gleðja gesti okkar, veita þeim innblástur og jafnvel ögra.

Listasafnið er eign samfélagsins – eign Akureyringa – okkar allra, þar sem jafnrétti skal ríkja og raddir ólíkra hópa heyrast. Listasafnið á Akureyri er menningarstofnun sem við höfum byggt upp í sameiningu, þar sem samræður, uppgötvanir og ígrundun eiga sér stað. Við hvetjum því heimafolk, sem og aðra gesti, innlenda og erlenda, til að heimsækja safnið sem oftast og eiga við okkur samtál. Við munum halda áfram að vanda til vinnunnar og gera það sem í okkar valdi stendur til þess að samfélagið sé stolt af Listasafninu á Akureyri.

Við viljum jafnframt gera enn betur í að bjóða upp á viðburði sem dýpka tengsl áhorfenda og listafólks. Við þökkum ykkur fyrir að vera hluti af ferðalaginu hingað til og hlökkum til að taka vel á móti gestum okkar á komandi listaári.

Með góðri kveðju,
Sigríður Örvarsdóttir, safnstjóri.

The excitement for the upcoming year at the Akureyri Art Museum is increasing as I make known, with lots of joy, the first exhibition program I organize as the museum director. I look forward to sharing with you the powerful mixture of domestic and international art which will be presented at the museum in 2025 – mirroring the broad spectrum and vitality that characterizes contemporary art creation.

Here at the Museum, we believe that art brings a message to us all and our aim is that all will feel welcome. We will offer diverse exhibitions, communication methods fitting groups from all walks of life and an interesting collaboration with artists which will hopefully bring joy, inspire guests and even provoke.

Akureyri Art Museum is a social institution – owned by Akureyri – all of us, where justice and voices of diverse groups shall be heard. Akureyri Art Museum is a cultural institution which we have all built, where conversations, discoveries and contemplations take place. We encourage local folks, as well as all other guests, to visit often and meet us. We will continue to do what we can to make the community proud of Akureyri Art Museum.

We also want to do better in offering events that strengthen the bond between viewers and artists. Art is for everyone and we thank you for being a part of the journey and look forward to welcoming our guests in the coming year.

Sincerely,
Sigríður Örvarsdóttir, Museum Director.

SÝNINGAR

EXHIBITIONS

Salir Galleries

25.01.2025 – 04.05.2025

Hulda Vilhjálmsdóttir
HULDUKONA HIDDEN LADY

01

25.01.2025 – 04.05.2025

Kristján Guðmundsson
ÁTTA ÆTINGAR EIGHT ETCHINGS

02 04

25.01.2025 – 04.05.2025

Pórður Hans Baldursson / Þórunn Elísabet Sveinsdóttir
DÖMUR MÍNAR OG HERRAR LADIES AND GENTLEMEN

03 05

22.02.2025 – 17.08.2025

Samsýning Group exhibition
Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education
MARGSKONAR I DIVERSE I

07

22.02.2025 – 21.04.2025

Samsýning Group exhibition
SKÖPUN BERNASKUNNAR 2025 CREATION OF CHILDHOOD 2025

10 11

22.03.2025 – 17.08.2025

Emilie Palle Holm
BROTINN VEFUR ORIORI

09

22.03.2025 – 17.08.2025

Helga Páley Friðbjófsdóttir
Í FULLRI FJÖRU LOADED BEACH

12

03.05.2025 – 11.05.2025

Myndlistaskólinn á Akureyri Akureyri School of Visual Arts
SJÓNMENT 2025 VISUAL ART STUDIES 2025

10

03.05.2025 – 11.05.2025

Verkmenntaskólinn á Akureyri The Akureyri Comprehensive College
ÚTSKRIFTARSÝNING FINAL PROJECTS

11

17.05.2025 – 07.09.2025

Heimir Hlöðversson
SAMLÍFI SYMBIOSIS

01

17.05.2025 – 07.09.2025

Þóra Sigurðardóttir
TÍMI – RÝMI – EFNI TIME – SPACE – SUBSTANCE

02 03 04 05

05.06.2025 – 14.09.2025

Samsýning Group exhibition
NORÐLENSKIR MYNDLISTARMENN NORTH ICELANDIC ARTISTS

08

05.06.2025 – 28.09.2025

Margrét Jónsdóttir
KIMAREK - ЖЭРАМИК: Innsetning í tilefni fjörutíu ára starfsferils
KIMAREK - ЖЭРАМИК: Installation to mark a forty-year career

11

30.08.2025 – 08.02.2026

James Merry
NODENS, SULIS & TARANIS

12

30.08.2025 – 08.02.2026

Samsýning Group exhibition
Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education
MARGSKONAR II DIVERSE II

07

30.08.2025 – 22.02.2026

Ýmir Grönvold
MILLI FJALLS OG FJÖRU BETWEEN MOUNTAIN AND SHORE

09

27.09.2025 – 18.01.2026

Barbara Long
HIMNASTIGI STAIRWAY TO HEAVEN

01

27.09.2025 – 18.01.2026

Bergþór Morthens
ÖGUÐ ÓREIÐA CONTROLLED CHAOS

01

27.09.2025 – 16.11.2025

Sýndarveruleiki – Innsetningar Virtual reality – Installations
FEMINA FABULA

08

27.09.2025 – 18.01.2026

Óli G. Jóhannsson
LÍFSINS GANGUR THE RYTHM OF LIFE

02 03 04 05

09.10.2025 – 11.10.2025

A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ A! PERFORMANCE FESTIVAL

10 11

24.10.2025 – 09.11.2025

BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2025

10 11

15.11.2025 – 23.11.2025

Verkmenntaskólinn á Akureyri The Akureyri Comprehensive College
ÚTSKRIFTARSÝNING FINAL PROJECTS

10 11

27.11.2025 – 08.02.2026

Samsýning Group exhibition
VIÐBRAGÐ CREATIVE RESPONSES

10 11

27.11.2025 – 17.05.2026

Jóhannes S. Kjarval
UNDIR BERUM HIMNI IN THE OPEN AIR

08

SMIÐJUR

Margs konar smiðjur fyrir unga sem aldna eru haldnar endurgjaldslaust árið um kring í Listasafninu

Skráningu og allar upplýsingar má finna á

listak.is

FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er ætlað alls konar hópum, s.s. skólahópum, vinahópum og vinnustaðahópum

Heimsóknir eru bókaðar á heida@listak.is




YFIRSTANDANDI SÝNINGAR

ONGOING EXHIBITIONS

Salir Galleries

- 12.01.2025	01
Detel Aurand / Claudia Hausfeld Samskipti The Air in Between	
- 12.01.2025	02 03 05
Georg Óskar Það er ekkert grín að vera ég It's No Joke Being Me	
- 12.01.2025	04
Einar Falur Ingólfsson Útlit loptsins – Veðurdagbók Look of the Sky – A Weather Diary	
- 09.02.2025	07
Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education Grafísk gildi Of Graphic Value	
- 25.05.2025	08
Áttahgamálverkið: Á ferð um Norðausturland liðinnar aldar Paintings from Home: A Journey Through Northeast Iceland of Last Century	
- 09.03.2025	09
Jónas Viðar Jónas Viðar í safneign Jónas Viðar in the Collection	
- 16.02.2025	11
Sólveig Baldursdóttir Augnablik – til baka Moments – Back in Time	
- 09.03.2025	12
Fríða Karlsdóttir Ekkert eftir nema myktin Nothing Left but the Softness	



Huldukona, 2022

HULDA VILHJÁLMSDÓTTIR



HULDUKONA HIDDEN LADY

25.01.2025 – 04.05.2025

Hulda Vilhjálmsdóttir (f. 1971) útskrifaðist úr mál-
aradeild Listaháskóla Íslands 2000 og hefur síðan
haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýn-
ingum, bæði hér á landi og erlendis.

Málverkið hefur ætíð verið Huldu hin staðfasta jörð.
Hún málar bæði fígúratíft og abstrakt, vinnur að
mestu með akríl og olú, en hefur einnig sýnt ker-
amíkverk, klippimyndir, vídeóverk og gjörninga.

Hulda er leitandi myndlistarmaður, en konan og
endurfæðingarkrafturinn hafa verið sterk stef frá
upphafi ferilsins.

Konan í verkum Huldu lifir í eigin heimi, oft einræn,
jafnvel fjarlæg og fögur, dularfull og sorgmædd.
Blái liturinn er einnig áhrifaríkur tónn í verkum
Huldu, sem gefur til kynna ljóðrænan trega og róm-
antik einsemdar.

Ákafi, eldur, styrkur og berskjöldun listamannsins
breytist með öguðum pensilstrofum í sköpun á
striga og verður að lokum ósk um frið og fegurð í
flóknum heimi. Sýningin Huldukona sýnir ólíka
þræði í myndlist Huldu Vilhjálmsdóttur, þar sem
ljómi listaverksins er í forgrunni – listin fyrir listina.

Sýningarstjóri: Hrafnhildur Gissurardóttir.

Hulda Vilhjálmsdóttir graduated from Iceland Uni-
versity of the Arts, department of painting in 2000
and has since held numerous solo exhibitions and
participated in group exhibitions both in Iceland and
abroad.

The painting has always been Vilhjálmsdóttir's *terra
firma*. Her paintings are both figurative and abstract,
in acrylic or oil and she has also exhibited ceramic
work, collages, videos and performances. She is a
searching artist. Since early in her career *the woman
and the power of rebirth* have been a theme in her
work. The woman is like a god in her own world, of-
ten seclusive, even distant and beautiful, mysterious
and mournful. The color blue is also a potent tone
in her work, which suggests poetic sorrow and the
romance of loneliness. The artist's eagerness, fire,
strength and vulnerability changes with disciplined
brushstrokes in creation on canvas and ultimately
becomes a wish for peace and beauty in a complex
world.

The exhibition *Fairy Woman* shows different sides of
Hulda Vilhjálmsdóttir's art, where the radiance of the
creation is in the forefront, art for arts sake.

Curator: Hrafnhildur Gissurardóttir.

KRISTJÁN GUÐMUNDSSON



ÁTTA ÆTINGAR EIGHT ETCHINGS

25.01.2025 – 04.05.2025

Kristján Guðmundsson fæddist á Snæfellsnesi 1941. Hann er sjálfmenntaður í myndlist og hélt sína fyrstu sýningu á Mokka kaffi í Reykjavík 1968. Hann var einn stofnenda Gallerí SÚM 1969 og veitti því forstöðu fyrsta árið. Síðar flutti Kristján til Amsterdam og bjó þar næstu níu árin, en flutti þá til Hjalteyrar.

Kristján er einn þekktasti fulltrúi hugmyndalistar hérlendis. Í verkum sínum og efnisvali gengur hann oft að mörkum viðtekinnna skilgreininga á list. Á ferlinum hefur hann sýnt verk sín víða, en mest í Evrópu og Bandaríkjunum. Kristján er einnig þekktur fyrir bókagerð (e. artist books). Verk hans og bækur er að finna á ýmsum listasöfnum og hann hlaut sænsku Carnegie verðlaunin 2010.

Þessi sýning samanstendur af átta verkum sem eru nú frumsýnd á Íslandi. Ingibjörg Jóhannsdóttir sá um að þrykkja verkin og val á pappír. Öll verkin eru í einu eintaki – einstök.


Sýningarstjóri: Sigríður Örvarsdóttir.

Kristján Guðmundsson was born in Snæfellsnes 1941. He is a self-taught artist who held his first exhibition in Café Mokka, Reykjavík 1968. He was a founding member of Gallery SÚM 1969 and served as its director for the first year. After that Guðmundsson moved to Amsterdam, The Netherlands, and lived there for the next nine years, after that he settled in Hjalteyri.

Guðmundsson is one of the best-known representatives of concept art in Iceland. With his works and choice of material he stretches the limit of conventional definition of art. During his career he has exhibited his work far and wide, mostly though in Europe and the US. He is also known for his artist-books. His work and books can be found in various museum collections and in 2010 he received the Swedish Carnegie Awards.

This exhibition consists of eight works that are displayed for the first time in Iceland. Ingibjörg Jóhannsdóttir arranged the print and selection of paper. All works are one copy – unique.

Curator: Sigríður Örvarsdóttir.



ÞÓRÐUR HANS BALDURSSON ÞÓRUNN ELÍSABET SVEINSDÓTTIR



DÖMUR MÍNAR OG HERRAR LADIES AND GENTLEMEN

25.01.2025 – 04.05.2025

Með því að tengja saman verk Þórðar Hans Baldurssonar (f. 1992) og Þórunnar Elísabetar (f. 1952), má spyrja spurninga um hvernig hversdagslegir hlutir geta bæði borið með sér og ögrað fyrirframgefnum hugmyndum um kyn.

Bringing together the works of Þórður Hans Baldursson (born 1992) and Þórunn Elísabet (born 1952) invites us to explore how everyday objects carry and challenge gendered assumptions.

Í verki Þórðar Hans, *Karلاكóririnn í veggnum*, glæðir listamaðurinn lafandi svört bindi lífi með notkun hljóðs og hreyfingar. Þá kunna bindin að tákna karlmannlega reglufestu og valdastöðu, en með samspili söngs og hreyfingar kemur verkið áhorfendum á óvart og afhjúpar ýmsar óséðar flækjur á gamansaman hátt.

In Þórður Hans's work, *The Men's Choir in the Wall*, black ties, initially static and minimalistic, come alive through sound, embodying masculine-coded symbols of formality and hierarchy. The interplay of voices and unexpected movement disrupts viewer expectations, suggesting hidden complexities beneath their surface.

Í verkinu *Að vippa um sig vippu*, persónugerir Þórunn sömuleiðis einföld klæði með uppsetningu á blaktandi slæðum sem anga af ilmvatni. Slæðurnar vekja jafnvel hugrenningar um menningarlegt samhengi, lúxus og kvenleika.

Similarly, Þórunn's installation of fluttering, perfumed scarves transform simple textiles into evocative objects in *How to Ornate a Scarf*. Sourced globally and spanning various eras, these scarves evoke femininity, luxury and cultural context through sensory experience.

Verkin fá áhorfandann til að hugleiða forsendurnar sem hann gefur sér við fyrstu sýn tengdar kyni og sjálfsmynd. Verkin varpa ljósi á hversu flæðandi þetta allt er í eðli sínu, þar sem hugmyndir um kyn eru á sífellðri hreyfingu og standa aldrei í stað.

Both works compel us to question the assumptions that we make based on what we see, highlighting how cultural artifacts shape and reflect societal narratives about gender and identity. By animating these objects, the artists reveal their inherent fluidity and softness, illustrating how gendered meanings evolve across contexts and over time.

Texti: Hólmar Hólmar.

Text: Hólmar Hólmar.



Þórður Hans, *Karلاكóririnn í veggnum*, 2022 (hluti úr verki / detail)
Þórunn Elísabet, *Að vippa um sig vippu*, 2024 (hluti úr verki / detail)

VALIN VERK FYRIR SKÖPUN OG FRÆÐSLU

SELECTED WORKS FOR CREATION AND EDUCATION

MARGSKONAR I-II

DIVERSE I-II

22.02.2025 – 17.08.2025
30.08.2025 – 08.02.2026

Hvernig fæðist hugmynd að listaverki? Listamenn nota margskonar aðferðir til að miðla og tjá hugmyndir sínar. Í myndlist merkir orðið *miðill* þá leið eða aðferð sem listamaður hefur valið til að vinna verk sín í. Til eru fjölbreyttar miðlunaraðferðir og skilin á milli þeirra geta verið óljós. Sumir listamenn nota miðla sem löng hefð er fyrir á meðan aðrir gera tilraunir með ólík efni og tækni til þess að ná fram þeim áhrifum sem verið er að sækjast eftir.

Markmið sýningarinnar er að fræða safngesti um ólíka miðla myndlistar út frá völdum verkum úr safneign Listasafnsins á Akureyri. Verkin eru fjölbreytt, eftir ólíka listamenn og unnin með margskonar aðferðum.

Safngestir fá jafnframt tækifæri til að setja mark sitt á sýninguna, sækja sér innblástur í verkin og skapa sína eigin list í hvetjandi umhverfi.

Sýningarstjóri: Heiða Björk Vilhjálmisdóttir.

How does one get an idea for an artwork? Artists use varied methods to communicate and interpret their ideas. In visual arts a *medium* means the way or method through which the artist has chosen to create his work. There are various methods to communicate and the differences between them can be unclear. Some artists use traditional mediums while others experiment with diverse materials and techniques to achieve desired effects.

The aim of this exhibition is to educate museum guests about various art-mediums by showing selected works from the collection of Akureyri Art Museum. The works are diverse, by different artists and created with various methods.

The guests of the museum also get an opportunity to leave their mark on the exhibition, seek inspiration in the works and create their own art in a motivating environment.

Curator: Heiða Björk Vilhjálmisdóttir.



SKÖPUN BERNSKUNNAR 2025

CREATION OF CHILDHOOD 2025

SAMSÝNING

GROUP EXHIBITION

22.02.2025 – 21.04.2025

Þetta er í tólfta sinn sem sýning með heitinu *Sköpun bernskunnar* er sett upp í Listasafninu á Akureyri. Markmið sýningarinnar er að efla safnfræðslu og gera sýnilegt og örva skapandi starf barna á aldrinum fimm til sextán ára. Þátttakendur hverju sinni eru skólabörn og starfandi myndlistarmenn, ásamt Minjasafninu á Akureyri / Leikfangahúsinu.

Í ár var myndhöggvaranum Sólveigu Baldursdóttur boðin þátttaka í verkefninu. Einkasýning hennar, *Augnablik – til baka*, var opnuð í Listasafninu í nóvember 2024, en í febrúar 2025 mun sýningin umbreytast og ný verða til: *Sköpun bernskunnar 2025*. Þar munu safngestir sjá skúlptúra Sólveigar í nýju samhengi og í samtali við verk barnanna.

Skólarnir sem taka þátt að þessu sinni eru leikskólinn Hólmasól og grunnskólarnir Giljaskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli og Síðuskóli. Í vetur komu skólabörnin í Listasafnið og unnu verk sín fyrir sýninguna undir handleiðslu listamannsins. Þar fengu þau tækifæri til að kynna Sólveigu og nota skúlptúra hennar sem innblástur í eigin sköpun.

Sýningarstjóri: Heiða Björk Vilhjálmssdóttir.

This is the twelfth exhibition with the title *Creation of Childhood* set up in Akureyri Art Museum. The aim is to promote museum education and to present and stimulate creative work by children from the age of five to sixteen. Participants each time are children and artists as well as Akureyri Museum / Toy Museum.

This year the sculptor Sólveig Baldursdóttir was invited to participate in the project. Her solo exhibition *Moments – Back in Time*, opened in the museum in November 2024 and in February 2025 it will transform into a new one: *Creation of Childhood 2025*. There her sculptures are exhibited in a new context, communicating with the work of the children.

Participating playschool this time is Hólmasól and the elementary schools Giljaskóli, Lundarskóli, Odd-eyrarskóli and Síðuskóli. This winter the children visited the museum and created their work for the exhibition under the guidance of Baldursdóttir. They got to know the artist and used her sculptures as an inspiration for their own artworks.

Curator: Heiða Björk Vilhjálmssdóttir.

EMILIE PALLE HOLM



BROTINN VEFUR

ORIORI

22.03.2025 – 17.08.2025



Oriori endurhugsar hið ævaforna *Origami* handverk í samhengi við nútíma textílhönnun, í gegnum mynsturvefnað. Mótin eru felld beint inn í samfléttun uppistöðu og ívafs og verða form og efni þannig til samtímis – réttthyrndur tvívíður vefnaður verður að þrívíðum origami-hlut.

Með því að nota liti, mynstur og áferð sem ráðandi afl í samhengi við þrívíðu formin, ögrar listakonan hefðbundnum hugmyndum um textíl sem einkennist af sjónrænu, stöðnuðu efni. Ofin formin bjóða upp á gáskafulla og örvandi upplifun í stafrænum heimi, þar sem verkunnáttan er greinileg.

Emilie Palle Holm (f. 1994) er með MA gráðu í textíl frá Háskólanum í Borås. Hún hefur unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna, þar á meðal hinna eftirsóttu Arts Threads í flokknum þrjón/vefur 2023, sem skipulögð voru í samvinnu við tískumerkið Gucci. Einnig verðlaun menningarmálaráðuneytis á Evrópsku verðlaunahátíðinni í Belgíu 2024, fyrir nytjalist.

Oriori reimagines the ancient craft of origami in the context of contemporary textile design through jacquard weaving. By embedding form-transformable mechanisms directly in the interlacement of warp and weft, form and material are created simultaneously. The form-giving mechanics enable the transformation of rectangular two-dimensional woven textiles into three-dimensional objects.

Each textile object can additionally be dynamically transformed, hereby alternating between different visual, tactile and form-related appearances. The work provides a method to generate fully woven textile objects while utilizing color, pattern, and texture as activating elements, offering a playful and stimulating experience in a digital world while making the spectator aware of textile craftsmanship.

Emilie Palle Holm (born 1994) holds an MA in Textiles from the Swedish School of Textiles. She has won numerous awards, including the coveted Arts Threads (Knits/Weave) in 2023 arranged in collaboration with the fashion brand Gucci, and the Ministry of Culture Award at the European Prize for Applied Arts 2024 in Belgium.



Mold, 2024

HELGA PÁLEY FRIÐÞJÓFSDÓTTIR

Salur Gallery 12



Í FULLRI FJÖRU LOADED BEACH

22.03.2025 – 17.08.2025

„Eftir óveðrið skuluðust þræðir, glingur og gull upp í fjöru. Ævaforinir fjársjóðir og nútímalegt rusl. Afmáð og nánast óþekkjanlegt, grafið í sandinn eða liggur í haugum. Þvílíkt og annað eins. Flokkun gengur vel, en fjaran verður aldrei söm.“

Helga Páley Friðþjófsdóttir (f. 1987) lauk BA-prófi frá Listaháskóla Íslands 2011 og er starfandi myndlistarmaður í Reykjavík. Eftir útskrift hefur hún haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum héraðs og erlendis. Verk hennar eru í eigu listasafna og einkaaðila víðs vegar í Evrópu.

Teikningin hefur lengi verið Helgu Páleyju hugleikin og skipað stóran sess í hennar listsköpun. Með teikningunni fálmar hún sig áfram með forvitnina að vopni og kortleggur sinn hugarheim. Hún gefur honum tíma til að gerjast, þangað til hlutirnir verða skýrari og sögur fæðast, sem færast með ýmsum leiðum yfir á strigann.

“After the storm, threads, knick-knacks and gold got washed up on the shore. Ancient treasures and modern junk. Erased and nearly unrecognizable, buried into the sand or piled up. What a situation. Sorting is going well, but the beach will never be the same.”

Helga Páley Friðþjófsdóttir (born 1987) finished her BA degree from Iceland University of the Arts 2011 and works as a visual artist in Reykjavík. After graduation she has held numerous solo exhibitions and participated in group exhibitions both in Iceland and abroad. Her work can be found in private and public collections around Europe.

The drawing has been a favorite of Friðþjófsdóttir for a long while, playing a big role in her art creation. Through the drawing she fumbles forward, armed with curiosity she maps her mind. She gives it time to ferment until things become clearer and stories are created, that move through various routes onto the canvas.



Þorsteinn Viðar Hannesson, *Kristján Loftur Jónsson*, 2024 (hluti úr verki / detail)

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS

Salur Gallery 10

SJÓNMENTN 2025

Nemendasýning Myndlistaskólans á Akureyri

VISUAL ART STUDIES 2025
Students from The Akureyri School of Visual Arts

03.05.2025 – 11.05.2025

Það dylst engum, sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri, að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfu til nemandans að hann nái að yfirstíga nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að það vekji áhuga áhorfandans. Það getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitmiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndræn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts is in doubt that they are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The students' strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The works' visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influence to the viewer.

LISTNÁMS- OG HÖNNUNARBRAUT VMA

ÚTSKRIFTARSÝNING 2025 Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA

FINAL PROJECTS 2025

Visual art and textile students at VMA The Akureyri Comprehensive College

03.05.2025 – 11.05.2025 15.11.2025 - 23.11.2025

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er níunda árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði, þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst. Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með.


Samhliða öðru námi fá nemendur eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur, þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at the Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the ninth year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before or acquaint themselves with new ones. The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium.

Alongside their other studies the students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.





Án titils / Untitled, 2020

HEIMIR HLÖÐVERSSON



SAMLÍFI SYMBIOSIS

17.05.2025 – 07.09.2025

Verkið *Samlífi* er vídeó- og hljóðinnsetning sem dregur fram andstæður og tengsl fólks og náttúru. Hvert er samband fólks og náttúru? Hvernig hefur fólk áhrif á aðlögunarhæfni náttúrunnar og hvernig hefur náttúran áhrif á mannfólkið? Hvernig bregðast lífverur jarðar við stöðugum breytingum í heimi þar sem fólk ræður mestu um loftslag og umhverfi? Er þörf á að auka skilning á samtengdum heimi okkar og þeim möguleikum sem felast í að móta náttúru og nýsköpun fólksins?

Innsetningin samanstendur af myndböndum sem umlykja rýmið og skapa samræmda heild sem minnir á abstrakt og lífrænan innri heim lífandi veru.

Heimir Hlöðversson (f. 1976) er margmiðlunarlistamaður og kvikmyndagerðarmaður. Hann er menntaður í kvikmyndagerð, margmiðlun og tónlist, auk þess að vera með mastersgráðu í menningarstjórnun.

Heimir hefur unnið við listsköpun og kvikmyndagerð síðastliðin níttján ár, sett upp listasýningar, gert heimildarmyndir og skapað sjón- og hljóðræna upplifun fyrir söfn á Íslandi og erlendis.

The work *Symbiosis* is a video and sound installation that brings out contrasts and the connection between man and nature. What is the relationship between man and nature? How do humans influence nature's adaptability and how does nature influence humans? How do earth's living beings react to constant changes in a world where humans make all the decisions for the climate and the environment? Is there a need to deepen the understanding of our adjoined world and the possibilities in molding nature and human innovation?

The installation consists of videos that surround the space and create a uniform whole which resembles an abstract and organic inner world of a living being.

Heimir Hlöðversson (born 1976) is a multimedia artist and film maker. He is educated in cinematography, media art and music and holds a masters-degree in Cultural Management.

Hlöðversson has worked on his art creations and film making for the past 19 years, held art exhibitions, made documentaries, and created visual and sound experiences for museums in Iceland and abroad.



ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR



TÍMI – RÝMI – EFNI TIME – SPACE – SUBSTANCE

17.05.2025 – 07.09.2025

Á sýningunni má sjá ný verk sem eiga rætur í áratuga-
lögum áhuga Þóru Sigurðardóttur (f. 1954) á efni,
rými og teikningu. Líkaminn, næmi hans, efni, staða
og hreyfing eru mikilvæg viðfangsefni Þóru. Í verkun-
um beinist athyglin að náttúruumhverfi lífverunnar:
kalki, kolum, málmum, lífrænum himnum, trefjum og
úrgangi.

„Við teiknum síðan breiddar- og lengdargráður til að
henda reiður á óreiðukenndu fálmi tilveru okkar, set-
jum þær fram á kortum, teiknum plön, skráum dag-
bækur, hönnum byggingar; hrærumst innan þeirra og
utan.“

Þóra Sigurðardóttir fæddist og ólst upp á Akureyri. Hún
lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1981
og framhaldsnámi við Det Jyske Kunstakademi í Dan-
mörku 1991. Hún hefur sýnt víða á Íslandi og erlendis
og m.a. hélt hún einkasýningu í Listasafni Íslands 2024.
Verk Þóru eru í eigu opinberra safna og einkasafna hér-
lendis og erlendis, s.s. Listasafns Íslands, Nýlistasafns-
ins, Listasafns Reykjavíkur, BBK Print Collection í Berlín
og Metropolitan Museum of Art Paper/Print Collection
í New York.

Ann-Sofie Gremaud skrifar texta um sýninguna.
Verkefnið er styrkt af Myndlistarsjóði, Ferðasjóði
Muggs, Myndstefi og Starfslaunasjóði myndlistar-
manna.

The exhibition presents new works rooted in Þóra Sig-
urðardóttir's (born 1954) decades-long interest in sub-
stance, space, and drawing. The body—its sensitivity,
matter, position, and motion—is an important subject
for Þóra. Her work draws attention to the natural world
of organisms: carbon and metals, calcium; organic
membranes, fibers, and waste.

“In an effort to make sense of the chaotic fumbling of
our being, we draw latitude and longitude lines and im-
pose them on maps, draw plans, keep diaries and de-
sign buildings; we live and breathe inside and outside
the lines.”

Þóra was born and raised in Akureyri and holds de-
grees from the Icelandic College of Art and Crafts (1981)
and Denmark's Jutland Academy of Art (1991). Þóra
has shown her work in many solo and group exhibitions,
including a solo exhibition at the National Gallery of Ice-
land in 2024. Her work resides in public and private col-
lections in Iceland, Europe, and North America, includ-
ing the Living Art Museum, the Reykjavik Art Museum,
BBK Berlin, and the Drawings and Prints Collection of
New York's Metropolitan Museum of Art.

Ann-Sofie Gremaud writes a text in the exhibition cat-
alogue. The project is supported by the Icelandic Art
Center, the Icelandic Visual Art Copyright Association, the
Muggur Travel Fund, and the Visual Artists' Salary Fund.



NORÐLENSKIR MYNDLISTARMENN

NORTH ICELANDIC ARTISTS

SAMSÝNING

GROUP EXHIBITION

05.06.2025 – 14.09.2025

Í Eyjafirði er að finna fjölmennasta samfélag listamanna utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyri hefur lengi verið miðpunktur menningarlífs á svæðinu, en undir lok 20. aldar fékk myndlistin aukið vægi þegar bærinn eignaðist bæði myndlistarskóla og listasafn. Báðar þessar stofnanir hafa haft mikil áhrif á myndlistarlíf á Akureyri.

Frá 2015 hefur annað hvert ár verið sett upp sýning á verkum norðlenskra myndlistarmanna í Listasafninu. Það er því komið að sjötta tvíæringnum.

Listasafnið auglýsir eftir umsóknum um þátttöku í sýningunni og sérstök dómnefnd velur inn verk. Gefin verður út sýningarskrá og reglulega verður boðið upp á leiðsögn með listamönnum. Sýningunni er ætlað að gefa innsýn í þá fjölbreyttu flóru myndlistar sem tengist Norðurlandi og vekja umræður um stöðu norðlenskra listamanna og myndlistar.

The largest community of artists outside Reykjavík exists in Eyjafjörður. Akureyri has long been the cultural hub of the area and around the turn of the 20th century visual art gained more relevance there, when an art school and an art museum were founded. Both these institutions have been influential in Akureyri's art life.

Every other year since 2015 a group exhibition with works by North Icelandic artists has been set up at the Akureyri Art Museum.

Participants apply to a call from Akureyri Art Museum and a special jury selects the works that will be exhibited. A catalogue will be published and guided tours offered regularly with the participating artists. The exhibition is meant to give an insight into the diverse flora of visual arts tied to North Iceland and bring attention and inspire discussion on the status of artists and visual arts in North Iceland.



Ýmis keramikverk frá ferlinum / Miscellaneous Ceramic works

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR



KIMAREK - КИМЯРИК

Innsetning í tilefni fjörutíu ára starfsferils

Installation to mark a forty-year career

05.06.2025 – 28.09.2025

Margrét Jónsdóttir er fædd á Akureyri 1961. Hún fór ung til Danmerkur og nam leirlist í listiðnaðarskólunum í Kolding, en snéri heim að námi loknu 1985 og stofnaði sitt eigið leirverkstæði í bílskúrnum hjá ömmu sinni. Í rúm 20 ár hefur hún haft vinnustofu í Gránufélagsgötu 48 á Akureyri, þar sem hún vinnur að list sinni og selur eigin verk.

Viðfangsefni Margrétar hafa verið margvísleg í gegnum tíðina og hún unnið jöfnum höndum að gerð nytjalistar, stærri listmuna og listskreytinga. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

Sýning Margrétar í Listasafninu á Akureyri samanstendur af ólíkum verkum sem fengin eru að láni víðs vegar að, fundin í krókum og kimum og spanna fjörutíu ára starfsferil listakonunnar. Verkin birtast áhorfandanum sem ein stór innsetning – ein heild – eitt lífsverk.

Sýningarstjóri: Sigríður Örvarsdóttir.

Margrét Jónsdóttir was born in Akureyri 1961. She studied ceramics at Kolding School of Design in Denmark. After graduation in 1985 she moved back to Iceland and opened her own ceramic workshop in her grandmother's garage. She has run a studio at Gránufélagsgata 48 in Akureyri for over 20 years now, where she creates and sells her art.

Through the years Jónsdóttir has worked on diverse subjects - dividing her time equally between making handicraft-art, large art-pieces and art decorations. She has held solo exhibitions and participated in numerous group exhibitions in Iceland and abroad.

Jónsdóttir's exhibition in Akureyri Art Museum consists of different pieces that have been borrowed from far and wide, found in nooks and crannies, covering the artist's forty-year career. The works appear to the viewer as one large installation – one whole – one oeuvre.

Curator: Sigríður Örvarsdóttir.



JAMES MERRY



NODENS, SULIS & TARANIS

30.08.2025 – 08.02.2026

James Merry er breskur myndlistarmaður sem búið hefur og starfað á Íslandi í áratug. Hann er þekktastur fyrir útsaumaðar grímur og sem tíður samstarfsmaður Bjarkar Guðmundsdóttur í sjónrænni framsetningu hennar. Hann hefur unnið með stofnunum og listamönnum eins og V&A safninu í London, Gucci, Royal School of Needlework, Tim Walker, Tilda Swinton og Iris Van Herpen.

Í Listasafninu á Akureyri verða til sýnis þrjár andlitsgrímur Merry, hver þeirra innblásin af ákveðnum rómversk-keltneskum fornleifafundi í Bretlandi. Verkin bjóða upp á samtímatúlkun á skarti valdsmanna frá járnöld – sem gefur innsýn í hversu heillaður Merry er af þessu sögutímabili og því svæði sem hann ólst upp á, í suðvesturhluta Bretlands. Sýnd verða upprunaleg verk auk mynda og skrásetningar á sköpunarferlinu.

James Merry is a visual artist from the UK, now based in Iceland where he has lived and worked for the last decade. He is primarily known for his hand embroidery and mask-making, and as a frequent collaborator with Björk on her visual output. He has collaborated with entities such as the V&A, Gucci, The Royal School of Needlework, Tim Walker, Tilda Swinton and Iris van Herpen.

The exhibition at Akureyri Art Museum will showcase three new headpieces by James, each inspired by a specific Romano-Celtic archaeological site in the UK. The works offer a contemporary interpretation of Iron Age priestly regalia, providing an insight into Merry's fascination with this particular period in history, and the area where he grew up in the southwest of England. The original masks will be displayed alongside additional imagery and documentation of their creation.





Án titils / Untitled, 2024 (hluti úr verki / detail)

ÝMIR GRÖNVOLD



MILLI FJALLS OG FJÖRU BETWEEN MOUNTAIN AND SHORE

30.08.2025 – 22.02.2026

Ýmir Grönvold (f. 1994) býr og starfar í Reykjavík. Hann útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í myndlist 2018 og var í skiptinámi við KABK og Konunglegu listaakademíuna í Den Haag. Ýmir vinnur með málverk, teikningar og fundin efni og hefur í verkum sínum rannsakað fjölbreytt þemu, allt frá Tarot og andlegri leit til landslags og náttúrutúlkunar.

Verk hans eru innblásin af náttúrunni s.s. fjöllum, fossum, hafi, dýralífi og plöntum. Oft eru þessi viðfangsefni túlkuð á frjálsglegan og persónulegan hátt. Fyrri sýningar Ýmis hafa beinst að umbreytingu og tengslum, með áherslu á vöxt og hreyfingu innan náttúrulegra hringrásna. Sýningin *Milli fjalls og fjöru* byggir á þessum grunni. Hún rannsakar rýmið á milli hins fasta og breytilega, þar sem náttúrulegir ferlar, litir og áferð mætast og til verða fjölbreyttar myndrænar lýsingar á umbreytingu og tengslum.

Ýmir Grönvold (born 1994) lives and works in Reykjavík. He graduated from Iceland University of the Arts with a BA degree in Fine Art 2018 after exchange studies at KABK and the Royal Art Academy of Art in the Hague, Netherlands. Grönvold works with paintings, drawings and found materials and has researched different themes, from Tarot and spiritual search to landscapes and nature interpretation.

His works are inspired by nature; mountains, waterfalls, the ocean, wildlife and plants. These topics are often interpreted in a liberal and personal way. In earlier exhibitions his focus has been on transformation and connections with emphasis on growth and movement within natural cycles. The exhibition *Between Mountain and Shore* is based on this, researching the space between the constant and the variable, where natural processes, colors and texture meet, creating diverse, pictorial descriptions of transformation and associations.



Stairway to Heaven, 2024 (hluti úr verki / detail)

BARBARA LONG



HIMNASTIGI STAIRWAY TO HEAVEN

27.09.2025 – 18.01.2026

„Í mínu upphafi er minn endir, í endi mínum er mitt upphaf.“
– T.S. Eliot, East Coker.

Barbara Long er fædd í Newark-on-Trent í Englandi 1960, en er nú búsett í Madrid. Í útbreiddri, gagnvirkri og yfirgnæfandi innsetningu sinni, *Himnastiga*, kannar hún hringrás lífsins, skin og skúri í eigin lífi, ásamt fortíð, nútíð og framtíð. Með 65 þrepum, rúmlega 20 metrar að lengd, táknar innsetningin líf hennar til dagsins í dag og möguleikann á framtíð til 100 ára aldurs. Innsetningin er eingöngu gerð úr endurnýttum textíl og efni úr lífi listakonunnar og er hvert þrep bólstrað með rauðlituðu tau, með vísun í ár í hennar lífi.

Í sveigjanleika sínum og lífrænum strúktúr, minnir innsetningin á klifurplöntur í skógi sem skapa verndandi athvarf og varpa skuggum á nálæga vegg. Almenníngi er boðið að kafa inn í verkið og snerta – með varúð.

“In my beginning is my end, in my end is my beginning.”
– T.S. Eliot, East Coker.

In her sprawling, interactive and immersive installation “*Stairway to Heaven*,” the Madrid-based artist Barbara Long (Newark-on-Trent, UK, 1960) explores the cycle of life, and the ups and downs of her own life, past, present, and future. With its 65 steps and over 20 meters in length, the installation re-presents the artist’s life to date, and the possibility of a future life up to 100 years. The installation is made entirely with recycled textiles and materials from the artist’s life and each step is upholstered with textiles (dyed red) relating to a year in her life.

With its flexible and organic structure, the installation is reminiscent of forest climbing plants, creating a protective refuge, and casting shadows on the surrounding walls. The public is invited to immerse themselves in the structure, and to touch it, with care.



Án titils / Untitled, 2024

BERGPÓR MORTHENS



ÖGUÐ ÓREIÐA CONTROLLED CHAOS

27.09.2025 – 18.01.2026

Í verkum Bergþórs Morthens eru mörkin á milli málverks og skúlptúrs óljós, en efnin þau sömu, rétt eins og litirnir og meðferð þeirra. Myndheimurinn er lifandi og verkin flökta á milli myndrænnar túlkunar og hins óhlutlæga. Skilin á milli innra og ytra yfirborðs og þess sem liggur undir verða óljós, í gróteskum og brengluðum formum sem hylja, en afhjúpa á sama tíma. Óhóf og ofhlæði, þar sem ferlið við verkin endurspeglar öfgakennda efnishyggju samfélagsins: uppbygging og niðurrif, sköpun og eyðilegging. Verkin vísa í sögu, samtíma, dægurmenningu, listasögu, pólitík, hið undarlega og hið gróteska.

Bergþór Morthens (f. 1979) lauk námi við Myndlistaskólann á Akureyri 2004 og meistaranámi í myndlist við Valand háskólann í Gautaborg 2015. Verk hans hafa verið sýnd á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku, Grikklandi og Rúmeníu.

In Bergþór Morthens's artwork the lines between a painting and a sculpture are unclear but the material is the same, as are the colors and how they are used. Colors, both as a natural phenomenon and a cultural one. The world of images is alive, and the works fluctuate between a pictorial interpretation and the non-objective. The borders between inner and outer surface and what lies beneath become unclear in grotesque and distorted forms that simultaneously both cover up and expose. Excess and overload, where the process reflects society's extreme materialism: construction and demolition, creation and destruction. The works refer to history, modernity, pop-culture, art history, politics, the strange and the grotesque.

Bergþór Morthens (born 1979) studied at the Akureyri School of Visual Arts and finished an MFA degree from the Valand University in Gothenburg 2015. His works have been exhibited in Iceland, Sweden, Greece and Romania.

ÞRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

Þriðjudagsfyrirlestrar
fara fram í sal 11
kl. 17–17.40

4. febrúar
Anton Darri Pálmarsson
grafískur hönnuður

11. febrúar
Bergur Þór Ingólfsson
leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar

18. febrúar
Kate Hiena
myndlistarkona

25. febrúar
Myndlistarfélagið á Akureyri

4. mars
Þórgunnur Þórsdóttir
listakona

11. mars
Angelika Haak
myndlistarkona

18. mars
Brynja Baldursdóttir
myndlistarkona

25. mars
Myndlistarfélagið á Akureyri

Verið velkomin
Aðgangur ókeypis



SAFNBÚÐ LISTASAFNSINS

Gjafavörur
Bækur
Myndlist
Munir
Kort
Plaköt
Bolir

VINIR LISTASAFNSINS

Vinafélag Listasafnsins
á Akureyri er félag áhuga-
fólks um myndlist og er
tilgangur þess að efla
starfsemi safnsins

Skráningu og allar
upplýsingar má finna á

listak.is



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



Kajsa Bohlin, *Apartment Unmasking Woman*, 2024 (hluti úr verki / detail)

FEMINA FABULA

SÝNDARVERULEIKI – INNSETNINGAR

VIRTUAL REALITY – INSTALLATIONS

27.09.2025 – 16.11.2025

Sýningin byggir á hugmyndum sviðslistakvennanna Kajsa Bohlin, Lalla la Cour, Anna Stamp, Noora Hannula, Tuba Keleş og Linh Le.

Verkin urðu til í samvinnu þeirra við myndlistarkonuna Kirsty Whiten og leikstjórnann Kristján Ingimarsson, sem er listrænn stjórnandi verksins.

Þessi alþjóðlegi hópur kannar samband sitt við heiminn og möguleika hins skapandi menningar- og náttúrukrafts sem býr í kvenleikanum. Vinnuaðferðirnar felast að miklu leyti í sameiginlegum ferlum og samskiptum við lífsformið.

Á sýningunni má sjá sex verk með aðstoð sýndarveruleikagleraugna, þar sem listakonurnar tjá kvenlega næmni og krafta í gegnum vinnuferli hvernar og einnar, í nánu sambandi við mismunandi landslag þar sem litið er til náttúruaflanna, matarins og jarðarinnar.

Upptökur annaðist Kristján Ingimarsson og hefur samvinna hans við listamennina Andro Manzoni og Áka Frostason (Folding House Production) gert áhorfendum kleift að fara inn í kúlulaga hljóðheim tilvistarlegrar ljóðrænu og veröld lifandi mynda.

Framleiðandi: KIC (kicompany.dk).

The performance is based on the ideas of six female performing artists: Kajsa Bohlin, Lalla la Cour, Anna Stamp, Noora Hannula, Tuba Keleş, and Linh Le.

The works have been developed through their collaboration with visual artist Kirsty Whiten and director Kristján Ingimarsson, who serves as the artistic director of the production.

This international group explores their connection to the world and the freedom potential of the creative cultural and natural force inherent in femininity. Their methods largely revolve around collaborative processes and interactions with life-forms.

The exhibition features six VR videos in which the artists express feminine sensitivity and power through their individual working processes. They closely connect to various landscapes, reflecting on natural forces, food and the earth.

The recordings were directed by Kristján Ingimarsson, whose collaboration with artists Andro Manzoni and Áki Frostason (Folding House Production) has enabled the audience to be transported into a spherical soundscape of existential poetry, and a world of vivid images.

Production: KIC (kicompany.dk).



Án titils / Untitled, 2010 (hluti úr verki / detail)

ÓLI G. JÓHANNSSON



LÍFSINS GANGUR THE RYTHM OF LIFE

27.09.2025 – 18.01.2026

Verk Óla G. Jóhannssonar (1945–2011) endurspeglar djúpa tengingu við náttúruna og margbreytileika lífsins. Hann er þekktur fyrir greinilegan abstrakt expressjónískan stíl, þar sem kraftar náttúrunnar – sólin, vindurinn og hafið – flæða í gegnum verkin.

Leið Óla að listinni tók óvænta stefnu þegar hann lenti í alvarlegu sjóslysi sem sjómaður um miðjan tíunda áratuginn. Þetta óvænta atvik varð vendipunktur og leiddi til þess að hann helgaði líf sitt alfarið málverkinu.

Verk Óla, mótuð af áhrifum COBRA-hreyfingarinnar, umbreyta hverfulum augnablikum og minningum listamannsins í varanleg form, sem draga fram fegurð þeirra og dýpt. Þau voru eins konar móttökutæki fyrir það markverðasta sem á daga hans dreif – náttúru, tilfinningar og strjál augnablik – sem um leið vekja til umhugsunar um jarðlífið.

Á áttugasta afmælisári Óla G. heiðrum við minningu og hæfileika hans til að fanga lífsins hráu fegurð og margbreytileika. Verkin lifa áfram sem dýrmætur arfur er tengir áhorfandann við náttúruna og hið mannlega.

Óli G. Jóhannsson (1945–2011) was born in Akureyri, Iceland. His works reflect a deep connection to nature and the unpredictable rhythms of life. He is known for his distinct abstract expressionist style, where the forces of nature – the sun, the wind, and the sea – flow through his works.

His path to art took an unexpected turn when he suffered a near-fatal accident at sea, where he worked as a fisherman in the mid-1990s. This incident became a turning point in his life and led him to dedicate himself entirely to painting.

His works, shaped by influence of the COBRA movement, transform fleeting moments and memories into permanent forms, revealing their beauty and depth. They served as receptacles for the most significant experiences of his life – nature, emotions, and scattered moments – while simultaneously evoking thoughts about earthly existence, where the artist and his work intersect.

In the year that would have been his 80th, we honor Óli's memory and his unique ability to capture life's raw beauty and diversity. His works live on as an invaluable heritage that connects us to nature and the human condition.



A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

A! PERFORMANCE FESTIVAL

A!

09.10.2025 – 11.10.2025

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega, nú í ellefta sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, Gilfélagsins, Vídeólistahátíðarinnar Heim, Listnámsbrautar VMA og Myndlistarfélagsins á Akureyri. A! er eina hátíðin á Íslandi sem einbeitt sér eingöngu að gjörningalist.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur eru ungir og uppnemandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum, dans- og leikhúsfólki. Á meðal þeirra sem komið hafa fram eru Sigurður Guðmundsson, Gjörningaklúbburinn, Dustin Harvey, Rúrí, Theatre Replacement, Hekla Björt Helgadóttir, Curver Thoroddsen, Brák Jónsdóttir, Tales Frey, Anna Richardsdóttir, HH Suersaq, Harpa Arnardóttir, Snorri Ásmundsson, Heather Sincavage, Olya Kroytor og Dýrfinna Benita Basalan.

Á hverju ári breytir hátíðin Akureyri í suðupott spennandi gjörninga. Ókeypis er inn á alla viðburði.

Verkefnisstjóri: Guðrún Þórsdóttir.

A! Is a four-day international festival held annually, now for the eleventh time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Hof Cultural Center, Akureyri Theater, The Gil Society, The Video-festival Heim, Visual Art Department of Akureyri Comprehensive College, and Akureyri Visual Artists Association. A! Is the only festival in Iceland that focuses solely on performance art.

A variety of performances and theater-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists and theatre professionals. Among those who have participated are Sigurður Guðmundsson, Icelandic Love Corporation, Dustin Harvey, Rúrí, Theatre Replacement, Hekla Björt Helgadóttir, Curver Thoroddsen, Brák Jónsdóttir, Tales Frey, Anna Richardsdóttir, HH Suersaq, Harpa Arnardóttir, Snorri Ásmundsson, Heather Sincavage, Olya Kroytor and Dýrfinna Benita Basalan.

Every year the festival turns Akureyri into a bustling cauldron of exciting performances. All events are free of charge.

Project manager: Guðrún Þórsdóttir.



BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2025

ALPJÓÐLEG DANSVÍDEÓHÁTÍÐ INTERNATIONAL SCREEN DANCE FESTIVAL

24.10.2025 – 09.11.2025

Boreal Screendance Festival er alþjóðleg dansvídeó-hátíð sem haldin er á Akureyri. Fyrsta hátíðin fór fram í Mjólkurbúðinni í nóvember 2020, en nú teygir hún anga sína um allt Listagilið. Með Boreal skapast vettvangur til kynningar á dansvídeóum með það markmið að leiða saman innlent og erlent listafólk, byggja brýr heimsálfa á milli og hvetja til samstarfs.

Á hátíðinni eru sýnd metnaðarfull dansvídeó alls staðar að úr heiminum. Verkin eru sýnd á breiðtjöldum, þeim varpað á veggi, glugga og fleiri fleti sýningarrýma, en mikil áhersla er lögð á að sýningarnar fari fram í faglegu umhverfi svo verkin njóti sín sem best. Sérstaða Boreal er fólgin í innsetningum sem settar eru upp í kringum sum verkin, sem veita þeim í senn meiri dýpt og nýja vídd.

Hátíðin stendur einnig fyrir fjölbreyttum dans-tengdum viðburðum og samkomum á sýningar-tímanum. Ókeypís er inn á alla viðburði.

Listrænn stjórnandi: Yuliana Palacios

Boreal Screendance Festival is an international video dance festival held in Akureyri. The first edition took place in November 2020 at Gallery Mjólkurbúðin. Since then, Boreal has branched out to various venues in Akureyri's Art Street. The festival serves as a platform for showcasing dance films, with the aim of connecting local and international artists, building bridges between regions and continents, and promoting collaboration.

During the festival, dance films from around the world are exhibited on wide screens, walls, windows, and various surfaces of different art galleries and showrooms. A special emphasis is placed on ensuring a professional environment to present the works in the best way possible regarding image and sound.

The uniqueness of Boreal lies in installations that are created around some of the pieces, which give them both more depth and a new dimension. Boreal also hosts a variety of dance-related events and gatherings during the exhibition period. All events are free of charge.

Artistic director: Yuliana Palacios.



Sigga Björg Sigurðardóttir, *Hiding Place*, 2024

VIÐBRAGÐ

CREATIVE RESPONSES

SAMSÝNING

GROUP EXHIBITION

27.11.2025 – 08.02.2026

Sýningin *Viðbragð* sækir innblástur í greinasafnið *Creative Responses to Environmental Crises in Nordic Art and Literature* (2025). Þar er ljósi varpað á flókið og mikilvægt hlutverk myndlistar, bókmennta og annarra skapandi greina þegar tekist er á við breytta heimsmynd vegna loftslagsbreytinga og annarra umhverfisógnna. Sýnd verða verk eftir listafólk sem fjallað er um í greinasafninu og aðra sem tengja við meginþemu þess: samtengingar, flókin kerfi, gildi fjölbreytileika og afbyggingu stigvelda.

Sýningin endurspeglar samspil hins svæðisbundna og hnattræna í umhverfislist og aktívisma. Hún verður fyrst sett upp í Kaupmannahöfn, þar sem danskir listamenn slást í hópinn. Þegar sýningin kemur í Listasafnið á Akureyri, verður meiri áhersla lögð á íslenskt samhengi.

Viðbragð er samstarfsverkefni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit, Specta gallerís og Listasafnsins á Akureyri.

Þátttakendur: Angela Snæfellsjökuls Rawlings, Aurora Robson, Bolatta Silis-Hoeg, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Kristinn Már Pálmason, Laura Ortman, Peter Holst Henckel, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sigrún Hrólfsdóttir og Þórdís Aðalsteinsdóttir.

Sýningarstjórar: Auður Aðalsteinsdóttir og Þórdís Aðalsteinsdóttir.

The exhibition is inspired by a collection of articles titled *Creative Responses to Environmental Crises in Nordic Art and Literature* (2025), that sheds light on the complex and important role of visual arts, literature and other creative industries, when dealing with a changed world because of climate change and other environmental crises. Works by artists addressed in the articles will be exhibited, as well as by others who relate to the main themes of the anthology: interconnectivity, complex systems, the value of diversity and deconstruction of hierarchy.

The exhibition mirrors the interplay between the local and the global in environmental activism. It will first be held in Copenhagen where Danish artists will participate. When the exhibition comes to Akureyri Art Museum, more emphasis will be placed on local context.

Creative Responses is a collaborative project between the University of Iceland's Research Centre in Þingeyjarsveit, Gallery Specta and Akureyri Art Museum.

Participants: Angela Snæfellsjökuls Rawlings, Aurora Robson, Bolatta Silis-Hoeg, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Kristinn Már Pálmason, Laura Ortman, Peter Holst Henckel, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sigrún Hrólfsdóttir, Þórdís Aðalsteinsdóttir.

Curators: Auður Aðalsteinsdóttir and Þórdís Aðalsteinsdóttir.

JÓHANNES S. KJARVAL

UNDIR BERUM HIMNI IN THE OPEN AIR

27.11.2025 – 17.05.2026

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972), einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar, fæddist í Vestur-Skaftafellssýslu, en ólst upp á Borgarfirði eystra frá fjögurra ára aldri. Kjarval ferðaðist heima og erlendis í upphafi síðustu aldar og vann ýmis störf samhliða listsköpun sinni. Hann stundaði fyrst nám hjá Ásgrími Sveinssyni í Reykjavík, en hóf svo skólagöngu í Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn sem lauk 1917.

Kjarval undi sér vel einn í náttúrunni, hafðist jafnan við í tjaldi og vann verk undir berum himni. Í hvammi einum í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá stendur sumarhús listamannsins, en þar málaði hann m.a. eftirminnileg landslagsverk. Teikningar hans af borgfirsku alþýðufólki teljast einnig á meðal hans þekktustu verka.

Verkin á sýningunni hafa mörg hver ekki verið sýnd almenningi áður og eru flest í eigu Minjasafns Austurlands, sem einnig hefur umsjón með sumarhúsi listamannsins.

Sýningarstjóri: Sigríður Örvarsdóttir.
Ráðgjafar: Edda Halldórsdóttir, listfræðingur, og Kristín Gísladóttir, forvörður.

Sýningin er unnin í samstarfi við Minjasafn Austurlands.

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972) holds a distinct place within Icelandic cultural and art history as a beloved artist. He was born in West Skaftafell-county but grew up from the age of four in Borgarfjörður eystri. At the beginning of the century, he travelled and studied far and wide, within Iceland and abroad, working various jobs alongside creating his art. He first studied with Ásgrímur Jónsson in Reykjavík, then started his studies at The Royal Danish Academy in Copenhagen graduating in 1917.

Alone in nature Kjarval was content, camping and painting, in the open air. In a certain dell near Ketilsstaðir farm in Hjaltastaðapinghá is his summer cottage, where he, among other things painted some of his most memorable landscapes and his drawings of the common people of Borgarfjörður eystri are among his best-known work.


This exhibition consists of several unexhibited works the majority is from East Iceland Heritage Museum's collection which also takes care of his summer cottage.

Curator: Sigríður Örvarsdóttir. Advisors: Edda Halldórsdóttir art historian and Kristín Gísladóttir conservator.

The exhibition is a collaboration between Akureyri Art Museum and East Iceland Heritage Museum.



Jakob Möller, 1947



Með árskortinu að **Listasafninu á Akureyri** færðu aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir aðeins 5.500 kr. frá og með kaupdegi

Útgáfa í 56 ár!

DAGSKRÁIN

dagskrain@dagskrain.is | 464 2000 | vikubladid.is

DAGSKRÁIN
AKUREYRI

Auglýsingar í Dagskráinni hafa borið árangur í 56 ár!

Hafðu samband ef þú vilt auglýsa:
dagskrain@dagskrain.is
eða í síma 464 4000

DAGSKRÁIN · KAUPVANGSTR.19 SÍMI 24966 AFGR.OPIN 8-19

30. tbl. II. árg. 31. ágúst - 6. sept. 1979.

LUXOR lltasjónvörp
Bestu kaupin í dag
LUXOR 22" KR. 535,000,- MEÐ HJÓLABORÐI

CESAR SER
UM STNA

CESAR
SÍMI 24106

LAUGARDAGS- LEIÐSÖGN

Leiðsögn um fjölbreyttar
sýningar allan ársins hring

Nánari upplýsingar
listak.is

FJÖLSKYLDU- LEIÐSÖGN

Leiðsögn og smiðja
fyrir alla fjölskylduna,
unga sem aldna

Nánari upplýsingar
listak.is



BRUNCH

ALL DAY
EVERY DAY

OPEN FROM 08.00 AM

KETILKAFFI

coffee food wine

LOCATED IN AKUREYRI ART MUSEUM



Alma Skapadóttir, 4 ára - 1999



Það er í sköpunar-
kraftinum sem við
sýnum hvort öðru
tilfinningar og gerum
okkur ljóst, hvað við
erum í raun öll lík.

Öll í sömu baráttunni
við sjálfið og tilveruna.
Það er gott að finna að
við erum ekki ein.

Rakel Hinriksdóttir, blaðamaður.
Úr pistli á Akureyri.net 1. janúar 2025



Viltu styrkja frjálsa
fjölmíðlun í heimabyggð?
Vandaður, opinn fjölmíðill
er ekki sjálfsagður.

akureyri
Ofast sólarlæggin
.NET

Litla prent



LITLAPRENT ehf – Alhliða, umhverfisvottuð prentþjónusta
Skemmuvegi 4, blá gata | 200 Kópavogi | S: 540 1800 | www.litlaprent.is

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.




KETILKAFFI

Mynd við inngangsávarp safnstjóra: Frá A! Gjörníngahátíð 2024, Kraftverk, *Kraftverk á A! Gjörníngahátíð*.
Photo by director's foreword: From A! Performance Festival 2024, Kraftverk, *Kraftverk á A! Gjörníngahátíð*.


Mynd á miðopnu: Frá A! Gjörníngahátíð 2024, Henrik Koppen, *I Suck My Tounge*.
Midsection photo: From A! Performance Festival 2024, Henrik Koppen, *I Suck My Tounge*.

Mynd við upplýsingasíðu: Vídeólistahátíðin Heim 2024, Fríða Karlsdóttir, *Flugnamergö*.
Photo by info page: Home – Video Art Festival 2024, Fríða Karlsdóttir, *Flugnamergö*.


Árbók Listasafnsins á Akureyri 2025 skartar fjórum mismunandi forsíðum.
Akureyri Art Museum's Program-booklet 2025 has four different covers.




Barbara Long
Stairway to Heaven
2024
(hluti úr verki / detail)



Femina Fabula
Linh Le – *Metal Horse*
Victory Woman 2024
(hluti úr verki / detail)



Heimir Hlökkversson
Spark of Life
2022
(hluti úr verki / detail)



Ýmir Grönvold
Án titils / Untitled
2024
(hluti úr verki / detail)

hugarfarinu
viljanum

Það sést hver
drekka Kristal



Kristall

Starfsfólk Employees

Sigríður Örvarsdóttir

Safnstjóri
Director

Bergþóra Aradóttir

Umsjón móttöku og safnbúðar
Reception / Museum store

Freyja Reynisdóttir

Verkefnastjóri
Project manager

Heiða Björk Vilhjálmsdóttir

Verkefnastjóri fræðslu og miðlunar
Museum education

Hlynur F. Þormóðsson

Kynningar- og viðburðastjóri
PR & events

Jónína Björg Helgadóttir

Húsvörður
Janitor

Þorbjörg Ásthildar Ásgeirsdóttir

Safnfulltrúi
Museum coordinator

Davíð Hólm Júlíusson

Móttaka
Reception

Reynir Elías Einarsson

Móttaka
Reception

Þorri Birgisson

Móttaka
Reception

Listasafnsráð

Advisory Board of Akureyri Art Museum

Dagrún Matthíasdóttir

Heimir Árnason

Herdís Björk Þórðardóttir

Þorbjörg Ásthildar Ásgeirsdóttir

áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins
observer, member of staff

Aðgangseyrir	kr. 2.300
Eldri borgarar og námsmenn	kr. 1.200
Árskort	kr. 5.500
Árskort +1	kr. 8.000
Árskort í áskrift	kr. 4.500
Árskort í áskrift +1	kr. 6.800

Frítt fyrir 18 ára og yngri, öryrkja og meðlimi í FÍSOS, SÍM, ICOM og Gilfélaginu

Bæjarráð myndar stjórn Listasafnsins á Akureyri

Akureyri town council acts as an Executive Board for Akureyri Art Museum

Heimir Árnason

formaður chairman

Hulda Elma Eysteinsdóttir

varaformaður vicechairman

Hilda Jana Gísladóttir

Hlynur Jóhannesson

Sunna Hlín Jóhannesdóttir

Jón Hjaltason

áheyrnarfulltrúi observer

Ásrún Ýr Gestsdóttir

áheyrnarfulltrúi observer

Útgefandi Publisher

Listasafnið á Akureyri Akureyri Art Museum

Ritstjóri Editor

Hlynur F. Þormóðsson

Hönnun Design

Cave canem hönnunarstofa

Þýðing Translation

Þorbjörg Ásthildar Ásgeirsdóttir

Prentun Print

Litlaprent umhverfismarkað prentsmiðja

ISSN 3023-0578

Ljósmyndir Photographs

Billy Hayes

Daníel Starrason

Eilev Skinnarmo

Kristján Ingimarsson

Silja Rut Thorlacius

Sindri Swan

Þóra Sigurðardóttir

listamenn artists

Admission	ISK 2.300
Senior citizens and students	ISK 1.200
Season ticket	ISK 5.500
Season ticket +1	ISK 8.000
Season ticket, subscription	ISK 4.500
Season ticket +1, subscription	ISK 6.800

Free admission for 18 and under, disabled people and members of FÍSOS, SÍM, ICOM and the Gil Society